

EFTIRLITSSKÝRSLA

Kynbóta- og rannsóknastöð í bleikjueldi Hólar í Hjaltadal



Dags eftirlits	30.11.2022	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Kynbóta- og rannsóknastöð í bleikjueldi	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Hólar í Hjaltadal	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	500169-4359	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Einar Svavarsson	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik kom fram við eftirlit en ársyfirliti skv. gr. 4.5 var ekki skilað á réttum tíma. Tvær ábendingar voru settar fram er varða hreinsun við útrás og uppfærslu og aðgengi að öryggisblöðum spilliefna.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Um er að ræða kynbótastöð Háskólans á Hólum, í fiskeldi sem staðsett er að Hólum í Hjaltadal. Heimilt er að framleiða árlega í stöðinni, allt að 14 tonnum af bleikjuhognum, bleikjuseiðum og bleikju til manneldis. Heimilt er að blóðga allt að 4 tonn af bleikju í stöðinni en ekki er gert ráð fyrir sláturhúsi við stöðina.

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða.
- Umfang og breytingar á rekstri
- Húsnæði og lóð
- Mengunarvarnir
- Meðhöndlun úrgangs og mengandi efna
- Skráningar
- Eftirlitsmælingar og frárennsli
- Kynning á meðfylgjandi viðhengjum
- Önnur mál
- Skoðunarferð

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skiladaga skv. því. Eitt frávik kom fram við síðasta eftirlit, árið 2019, er varðar skil á ársyfirliti skv. gr. 4.5 í starfsleyfi. Yfirlitinu var skilað til eftirlitsaðila þann 23. september 2019 og er frávikinu því lokað. Tvær ábendingar voru settar fram varðandi uppfærslu á áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar og setningu á umhverfismarkmiðum og brugðist hefur verið við báðum þessum ábendingum með fullnægjandi hætti.

Áhættumat 2022 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, fylgdi fundarboði eftirlits og var það uppfært miðað við núverandi stöðu að eftirliti loknu. Engar breytingar hafa orðið á rekstrinum frá síðasta eftirliti, aðrar en viðbót við frárennslið og að bætt hefur verið við einni borholu vatns. Engar breytingar eru fyrirhugaðar hvað varðar grunnferli stöðvarinnar. Umfang starfseminnar er svipað og áður og var framleiðsla síðasta árs um 12,2 tonn.

Góð almenn úrgangsflokkun er í stöðinni. Stærri dauðfiskur fer til fóðurgerðar fyrir mink, á Sauðárkrók, en dagleg afföll smáfisks fara í lífrænan söfnunargám sveitarfélagsins og fer til urðunar.

Spilliefnanotkun í stöðinni er ekki mikil en þó eru sótthreinsiefni og lyf til svæfingar notuð, mest formálín eða um 290l pr. ári. Bent var á að uppfæra þarf öryggisblöð fyrir þau spilliefni sem notuð eru í stöðinni og að þau séu geymd þar sem þau eru aðgengileg starfsmönnum sem vinna með efnin.

Daglegar skráningar eru í stöðinni hvað varðar fóðurnotkun, vatnsgæði og afföll. Fóðrað er með klukkufóðrum og rafmagnsfóðrum. Rekstraraðili hefur fengið vottun frá Global Gap til ársins 2023.

Breytingar hafa verið gerðar á frárennislögnum og nýrri lögn bætt við frá húsi og að setbrunni. Frágangi er að mestu lokið en þó á eftir að jafna lóðina betur. Þrjár setbrunnar eru í frárennslinu, hver þeirra 6m³ að stærð. Frárennislívatnið fer frá kerjunum og yfir í tromlusíu og þaðan í setbrunnana. Yfirfall rennur úr setbrunnunum og út í manngerðan læk, sem rennur síðan út í Hjaltadalsá. Setið úr brunnunum er fjarlæggt með haugsugu og úrgangurinn notaður til uppgræðslu lands í eigu rekstraraðila. Bent var á að við næstu losun á setbrunnunum skal einnig hreinsa fremsta hluta frárennislækjarins þar sem greina mátti fódurleifar og uppsöfnun sets í botni og bökkum lækjarins. Sýnatökur í frárennslu skal framkvæma fjórða hvert ár skv. gr. 4.3 í starfsleyfi og var síðasta mæling gerð í febrúar 2021 og er því næsta sýnataka árið 2025.

Losun niturs og fosfórs var reiknuð út frá fódurnotkun og lífmassa. Þegar tillit hefur verið tekið til hreinsunar með tromlusíu (að lágmarki 50% hreinsun fastefnis) er losun N út í umhverfið, áætluð um 34 kg framleitt tonn og P áætlað um 4,8 kg framleitt tonn sem er innan marka starfsleyfisins eða 60 kg N / framleitt tonn og 7 kg P / framleitt tonn.

Ársyfirliti skv. gr. 4.5 í starfsleyfi fyrir árin 2019 og 2020 hefur verið skilað og yfirliti fyrir árið 2021 var skilað að loknu eftirliti.

Krafa um tryggingu vegna bráðamengunar hafs og stranda skv. 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda er ekki krafa í starfsleyfinu, þar sem stöðin er staðsett fjarri sjó.

Gengið var um lóðina og frárennslu hennar skoðað. Engar athugasemdir eru gerðar þar um og er stöðin snyrtileg á að líta.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
Gr. 4.5 í starfsleyfi.	Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert, fyrir undangengið ár. Yfirliti fyrir árið 2021 var ekki skilað fyrir 1. maí sl. en var skilað til eftirlitsaðila þann 5. desember sl. og telst frávikin lokið.

ÁBENDINGAR

Ábending er sett fram um að hreinsa þurfi læk við útrás setbrunnanna, við næstu losun þeirra.

Ábending er sett fram um að uppfæra þurfi öryggisblöð fyrir þau spilliefni sem notuð eru í stöðinni og skulu þau vera aðgengileg þeim starfsmönnum sem vinna með efnin.

ANNAD

Farið var yfir sniðmát áætlunar vegna rekstrarstöðvunar og rekstraraðili beðinn um að hafa það til hliðsjónar við næstu uppfærslu áætlunarinnar. Einnig var kynning um stjórnvaldssektir send með fundarboðinu og rekstraraðili beðinn um að kynna sér hana.

Engar kvartanir hafa borist, hvorki rekstraraðila né eftirlitsaðila frá síðasta eftirliti og engin mengunaróhöpp hafa orðið frá síðasta eftirliti.

Reykjavík, 06.12.2022

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.


Guðbjörg Stella Árnadóttir

